



Mýrdalshreppur  
Gísli Gíslason,  
skipulagsfulltrúi  
Austurvegur 17  
870 VÍK

Skógarhlíð 12  
105 Reykjavík  
Ísland/Iceland

sími/tel. +354 569 4100  
fax +354 562 3619  
www.caa.is

Tilv. yðar

Dags.

Tilv. vor  
FMS09060099  
Bréfalykill:  
630

Dags.  
1. júlí 2009

### Efni: Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025

Flugmálastjórn Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009 - 2025 sem sent var stofnuninni til umsagnar og móttakið 11. júní 2009.

Flugmálastjórn Íslands vill vekja athygli Mýrdalshrepps á nauðsyn þess að tillagan verði send rekstraraðilum flugvalla sem eru á skipulagssvæðinu. Mikilvægt er að rekstraraðilum flugvallanna sé gefinn kostur á að reikna út hvort hugsanlegar breytingar skv. tillögum að aðalskipulagi geti haft hugsanleg áhrif á skilgreind hindranasvæði flugvallanna.

Flugmálastjórn Íslands vill jafnframt benda á að fari línur inn í hindranafleti flugvalla, þveri dali, ár eða vegi sem líklegir eru til nauðlendinga loftfara þarf að hafa samráð við rekstraraðila flugvallanna eða Flugmálastjórn Íslands ef við á.

Þá vill Flugmálastjórn Íslands sérstaklega benda á að Flugmálastjórn Íslands er eftirlitsaðili og er ekki rekstraraðili neinna flugvalla eins og fram kemur í tillögunum, væntanlega er átt við Flugstöðir ehf. þeir reka fjölmarga flugvelli. Flugmálastjórn Íslands bendir einnig á ranga tilvísun í lög nr. 31/1987 um flugmálaáætlun sem tekið hafa breytingum og vísar þess í stað til rg. nr. 464/2007 um flugvelli og skráningarskyldu flugvalla / lendingarstaða.

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða ef einhverjar spurningar vakna.

Virðingarfyllst

Ágústa R. Jónsdóttir,  
deildarstjóri flugvalla- og flugverndardeild